



SÖNG-OG SÖGUSEKKIR

Klörusjóður



Leikskólinn Hlíð
hlid@mos.is



Söng- og sögusekkir



Heiti verkefnis: Söng-og sögusekkir

Styrkþegi/ar: Leikskólinn Hlíð

Verkefnisstjóri/Ábyrgðaraðili: Ása Jakobsdóttir Skjöldal

Aðrir þátttakendur/samstarfsaðilar: Sigrún Agnarsdóttir, Jasmin Schmid, Margaret Pantí skipuðu teymið sem vann aðallega undirbúningsvinnuna.

Aðrir sem voru teyminu innan handar voru deildarstjórar í Hlíð. Sigurveig Davíðsdóttir, leikskólakennari, Elísa Hörn Ásgeirsdóttir, leikskólakennari og Steinunn Bára Ægisdóttir, leikskólakennari.

Við fengum einnig aðstoð frá Ragnheiði Halldórsdóttur, leikskólastjóra og fengum leyfi að leita til Ágústu Kristmundsdóttur, sérkennslustjóra á Ökrum í Garðabæ en hún hefur unnið svipað þróunarverkefni og haldið námskeið hjá Endurmenntun EHÍ í framahaldi af því.



Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Megin markmið verkefnis er efling málþroska eins- og tveggja ára barna með því að útbúa söng- og sögusekki til daglegrar notkunar í ungubarnaleikskólum. Eitt af hlutverkum leikskólakennara er að hvetja börn til tjáskipta og nota hvert tækifæri sem gefst í starfinu til að tala við börnin, auka orðaforða þeirra. Gæða málörvun er í hverjum sekk er tekur til allra þátta tungumálsins – orðaskýringar, hugtök, rím, hljóðkerfisvitundin, fyrsta hljóð í orði, form, litir. Verkefni tekur til lesskilnings og vekur áhuga á bókum, sögum og sönglögum o.fl. Auk þess sem starfsfólkið þarf að leggja sitt af mörkum til að hafa námsefnið skemmtilegt, lifandi og áhugavert, það þarf að undirbúa sig vel og í hverjum og einum sekk er flest það sem til þarf.

Ung börn á máltökuskeiði þurfa eftirhermu og endurtekningar þess vegna er markmiði að hver og einn sekkur verði hluti af starfinu á deildunum í lengri tíma. Með markvissri málörvun og stuðningi erum við að veita börnunum enn frekari tækifæri til að efla og þjálfra málskilning sinn og tjáningarfærni. Með fjölbreyttum námstækifærum s.s. söng- og sögusekkjum erum við að bjóða börnunum enn fleiri tækifæri til þroska. Við erum að ýta undir löngun barnanna til að tjá sig, andrúmsloftið er afslappað og námið fer fram í gegnum leik.

Kannanir og rannsóknir hafa sýnt að foreldrar með annað móðurmál en íslensku telja mjög mikilvægt að börnin þeirra læri íslensku. Marga foreldra skortir þó efnivið og tækifæri til að þróa virkt tvítyngi þar koma söng- og sögusekkir sterkt inn.

- Innihald sekkjanna mun geta samþætt öll svið Aðalnámskrá leikskóla
- Innihald sekkjanna mun vera gæða málörvun sem efla málskilning, orðaforða og tjáningu barna
- Innihald sekkjanna eykur áhuga barna á heimi bókanna
- Innihald sekkjana mun efla ímyndunarafli barnanna
- Innihald sekkjanna mun styrkja allt starfsfólk í að hafa markvissa málörvun fyrir eins – og tveggja ára gömul börn

Með verkefninu sjáum við tækifæri til að auka orðaforða og vitsmunafroska barnanna auk hugarfærni og eflingu málskilnings og máltjáningar. Um leið vekjum við áhuga barnanna á bókum og aukum einbeitingu og athygli þeirra þegar við erum að vinna með söng- og sögusekkina. Í sekkjunum er efniviður sem tekur til margra þátta s.s. sjónskyn – horfa á bækurnar, loðtöflumyndirnar, heyrnarskyn en sögurnar eru alltaf lesnar fyrir börnin með tilþrifum, og hreyfiskyn eins og t.d. með hreyfisöngvum og eftirhermu og síðast en ekki síst snertiskyn þegar börnin fá að skoða, kanna og þreyfa á því sem við notum þegar sagan er sögð s.s. lítill bolli, fiskur, klappa úlfnum í lok sögunnar o.s.v.fr.



Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis:

Verkefnið var unnið bæði á vinnutíma og utan vinnutíma skólaárið 2021-2022. Í byrjun fór nokkur tími í hugmyndavinnu, efnisleit og vinnu við sekkina sjálfa þar til búið var að ákveða grunn efnivið í hvern sekk. Starfsmenn komu með hugmyndir að bókum og ævintýrum sem þeim fundust skemmtileg og áhugaverð fyrir 1-2 ára. Teymið vann síðan úr þessum hugmyndum.

Drjúgur tími fór í efnisöflun og ákvarðanatöku um innihald sekkjanna. Við þýddum til að mynda nokkrar bækur svo allir gætu notað þær. Þó nokkur efniviður var til staðar í leikskólanum en annað þurfti að útvega, kaupa eða búa til. Þá nýttust vel listrænir hæfileikar starfsmanna t.d þegar þurfti að þrjóna persónur sem tilheyra sögum eða útbúa tilheyrandi leikmuni úr verðlausu efni. Starfsmenn sem fóru til annara landa voru virkjaðir í efnisleit og einnig var pantað á netinu.

Við útbjuggum kennslufni í hvern sekk sem tengdist innihaldinu þ.e. viðkomandi bók/lagi. Í hverjum sekk er blað með skráningu um hvernig hægt sé að vinna með innihaldið. Í sekknum með ævintýrinu um þrjá litla grísi er t.d. skráð hvað skal vera í sekknum: bók, 3 litlir grísir, handbrúður og loðtöflumyndir sem eru 3 grísir, 3 hús og úlfurinn. Leiðbeiningarnar útskýra hvernig vinna á með sekkinn, lesa bókina, læra söguna og segja börnunum söguna. Segja frá með tilþrifum og áherslum. Mikilvægt er að gera hlé á lestrinum og ræða bókina, gefa börnunum færi á að spyrja og spjalla um myndirnar. Samvera barns og fullorðins, á meðan lesið er, er mikilvæg gæðastund. Þess vegna eru skráð á blaðið í hverjum sekk ákveðin atriði til að benda börnum á og ræða við þau. Þar er átt við hugtök eins og andheiti og stærðarhugtök sem fram koma í sögunni. Einnig ýmsar tilfinningar s.s. hræðsla, gleði og svengd.



Loðtöflumyndir eru plastaðar myndir sem hægt er að setja á vegg, myndirnar nýtum við til að vekja athygli barnanna enn frekar á innihaldi textans í sögunni, drögum þannig fram allt það mikilvæga sem við viljum leggja áherslu á eða hefur áhrif á framvindu sögunnar. En það auðveldar börnunum að sjá söguþráðinn þróast. Endurtekningar og upprifjanir á söguþráðinum eru mikilvægar, við ræðum þráðinn, handleikum hlutina, skiptumst á og förum varlega með það sem við erum með í höndunum. Hvað fleira sjáum við í annað sinnið sem við erum með sekkinn? Þekkjum við lög sem tengjast sögunni? Hvað segja dýrin í sögunni? Allt þetta ber að hafa í huga í samverustundum með söng- og sögusekkjum.

Tímaáætlunin stóðst að flestu leyti við náðum þó ekki að fá námskeið inn í leikskólann fyrir alla starfsmenn en á móti kom að allir starfsmenn fengu námskeið í Story telling (Frásagnargleði) í Brighton vorið 2022. Námskeiðið var mjög áhugavert og hvetjandi fyrir starfið í Hlíð. Kennarinn á námskeiðinu lagði á það ríka áherslu að ekkert sé ánægjulegra í lífinu en að hlusta á góða sögu. en sagan verður að vera vel sögð, segja þarf söguna augliti til auglitis svo hægt sé að draga alla hlustendur með sér inn í heim sögunnar, fá þá til að hlusta og upplifa sig sem part af henni. Á námskeiðinu hlustuðum við, ræddum saman, komum með okkar sýn og tókum virkan þátt í afar áhugaverðu og skemmtilegu námskeiði. Lærðum nýjar sögur sem við tókum með okkur inn í starfið með börnunum hér í Hlíð. Námskeiðið hentaði okkur fullkomlega með tilliti til verkefnisins um söng- og sögusekkina. <https://www.jamiecrawfordstorytelling.com>



U.þ.b. helmingur þeirra er skipa teymið er búinn að fara námskeið hjá Endurmenntun EHÍ í gerð sögupoka.

Verkefnið hófst formlega í september 2021 og stendur enn yfir þar sem ekki tókst að klára allt það sem áætlað var fyrir apríllök 2022. T.d. erum við enn að leggja lokahönd á síðustu sekkina. Söngsekkir eru áformaðir fleiri, enn í vinnslu.

Hindranir og frávík frá upphaflegri áætlun

Við áætluðum okkur of stuttan tíma því þetta er tímafrekt verkefni, finna þurfti tíma fyrir alla þátttakendur að hittast, við náðum ekki að fá fyrirlesarann að vori og ekki var boðið uppá það námskeið sem við ætluðum að nýta okkur hjá Endurmenntun EHÍ síðasta vetur. Fyrirhugað er að nú í haust (átti að vera s.l. vor) verði Ágústa Kristmundsdóttir með kynningu á sínu verkefni í Hlíð.

Mat á verkefninu

Almenn ánægja er með verkefnið. Áhuginn mikill og við sjáum það notað daglega með börnunum. Sekkirnir eru stöðugt í notkun í mislangan tíma eftir innihaldi og áhuga barnanna. Börnin eru farin að tjá sig og jafnvel óska eftir ákveðnum sekkjum. Þau börn sem nú eru sinn anna vetur í Hlíð og þekkja sekkina eru enn jafn spennt að vinna áfram með sama sekkinn aftur og aftur. Börn sem með annað móðurmál en íslensku eða málproskafrávík sýna sekkjunum mikinn áhuga því þeir gefa fjölbreytt tækifæri til tjáningar m.a. með stuðningi mynda og fleiri sjónrænna stoða.

Ráðstöfun styrks þ.e:

Heildarupphæð styrks kr. 260.000

Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla	Kr. 100.000
Gögn og efniviður	Kr.108.000
Lokaskýrsla	Kr. 52.000



Afrakstur og ávinningur fyrir skólastarf

Í upphafi þessarar skýrslu kemur vel fram hvaða gagn málörvun hefur. Einn af áhersluþáttum ungubarnaleikskólans Hlíðar er málörvun í anda snemmtækrar íhlutunar Markviss málörvun er gríðarlega mikilvæg fyrir yngstu börnin. Ávinningur hennar er aukinn málþroski barna. Orðaforði eykst við lestur. Með því að lesa fyrir börnin og skoða sömu bókina aftur og aftur, endurtaka, þá kynnst börnin öðrúvísi málfari en notað er daglega. Með kennsluleiðbeiningum sem fylgja sekkjunum og kynningu á innihaldi þeirra og hvernig unnið skal með þá eru meiri líkur á að bækurnar sem valdar eru til að lesa/skoða henti vel þroska og áhugasviði barnanna. Aðgengi að námsgögnum fyrir 1- 2 ára börn, sérstaklega af málörvunarefni, er af skornum skammti en við finnum og sjáum að sekkirnir eru vel nýttir og vinsælir og miklar framfarir í málnotkun barnanna. Rannsóknir hafa sýnt að börn sem mikið er talað við og lesið fyrir hafa meiri orðaforða en börn sem lítið er sinnt, þau ná einnig fyrir valdi á ýmsu í tungumálinu. (

<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=29038>, Sigríður Sigurðardóttir)

Við metum árangur verkefnisins á starfsmanna- og deildarstjórafundum, í foreldraviðtölum og með athugunum á þróun málþroska barnanna yfir veturinn.

Hvernig verður kynningu á verkefninu háttað

Sögupokateymið kynnti vel verkefnið söng- og sögusekki á starfsmannafundum síðasta vetur og mun áfram kynna verkefnið á næstu misserum. Það er komið í skipulag leikskólans að kynna það á hverju hausti fyrir nýtt starfsfólk. Reglulega er farið yfir námsefnið á deildarstjórafundum. Hvernig gengur og hvað við getum gert til að bæta efnið.

Mánaðarlega var teymið að funda, þess utan voru samskipti m.a. í tölvupósti. Eins var gripið til smáskilaboða þegar góðar hugmyndir og efniviður urðu á vegi okkar. Fundargerðir voru skráðar allan tímann og eru enn. Aðallega var fundað á dagvinnutíma.

Nú að hausti erum við á lokametrinum að klára facebook – síðuna Söng- og sögusekkir 1-3 ára sem við munum fljótlega opna öllum áhugasömum. Þar inn er þegar komið nokkuð af því efni sem við erum þegar komin með ásamt myndum.

Fylgiskjal:

Góða nótt Einar Áskell

Innihald: bók, lítill Einar Áskell, teppi

Það verður að lesa bókina fyrst og læra söguna, svo á að segja börnunum söguna. Segja frá með tilþrifum og áherslum

Andheiti, stærðarhugtök:

Þægur – óþægur

Dagur – nótt

Vakna – sofna

Þurrt – blautt

Sofandi – vakandi

Hress – þreyttur

Tilfinningar: góður, hræddur

Má ræða hvort það sé rétt af Einari Áskeli að vera með þetta vesen. Er pabbi of góður við hann?

Í lokin má ekki hafa hátt því Einar Áskell og pabbi hans eru sofnaðir.....uss.....uss.....góða nótt!

Stjáni bóndi

Byrja á að taka Stjána og bóndabæinn hans upp úr pokanum og setja á fingur sér svo að syngja textann.

Stjáni bóndi bjó á bæ íja íja jó

og á þeim bæ hann átti (*draga brúðu upp úr pokanum*)

.....(*hljóðið sem dýrið gefur frá sér*) „svín“ það heyrir íja íja jó

bomm bomm bomm Stjáni bóndi bjó á bæ íja íja jó

endurtekið með restinni af dýrunum

Í pokanum eru: svín kú kind hundur hestur önd hani kisa og Stjáni og húsið hans

Við byggjum upp spennu, verðum hissa á því dýri sem við erum að draga upp úr pokanum. Hermum eftir hljóðum dýranna af innlifun

